

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 453/1996.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson  
ríkissaksóknari)  
gegn

**Jónasi James Norris**

(Guðmundur I. Sigurðsson hrl.)

Þjófnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. desember 1996. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til þyngri refsingar en ákveðin var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þess er krafist, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 16. nóvember 1995 til 22. desember sama ár komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest niðurstaða hans um sýknu af sakargiftum samkvæmt I. kafla ákæru og sakfellingu eftir II. kafla ákærunnar.

Ákærði hlaut dóm 3. júlí 1995 vegna brota á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 20. desember 1995. Það brot, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, var drýgt 15. nóvember 1995. Er því um ítrekunaráhrif að ræða, sem taka ber tillit til við refsíákvörðun, sbr. 71. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður einnig að líta til hins langa sakaferils ákærða, sem rakinn er í hinum áfrýjaða dómi, sbr. 72. gr. laganna. Með þessari athugasemd verður staðfest refsíákvörðun héraðsdóms og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónas James Norris, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málflytningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1996.**

Ár 1996, mánudaginn 11. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 611/1996: Ákærvaldið gegn Jónasi James Norris, sem tekið var til dóms 16. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 6. ágúst 1996 gegn ákærða, Jónasi James Norris, Bárugötu 22, Reykjavík, kt. 230762-5549.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir eftirgreinda innbrotspjófnaði, framda í Reykjavík í nóvember 1995:

## I.

Fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 12. nóvember brotist inn í sölu-turninn Heimamynd, Langholtsvegi 111, og stolið tóbaki, 200 happaprennumiðum, 100 bingólottómiðum og 3.500 krónum í reiðufé.

## II.

Miðvikudaginn 15. nóvember brotist inn í fyrirtækið Sturlaug Jónsson & Co. ehf., Vesturgötu 16, og stolið tveimur móðelskipum, öðru úr kopar, en hinu úr tré, gamalli rit- og reiknivél af gerðinni Remington, bréfavog, frímerkjum, tveimur lömpum, pennum, silfurpennahníf, ryksugu, fjórum álfelgum, tveimur koparkertastjökum, tveimur símatekjum, rafhlöðum, tveimur hleðslutækjum, bíllyklum, skjalatösku, rafmagnsöfn, fimm úrum, nítján klukkum, öllu að verðmæti um 436.000 kr.

Er framangreint talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu er af hálfu Vátryggingafélagsins Skandia hf., kt. 681272-0469, krafist skaðabóta, 153.400 kr.

Af hálfu ákærða er krafist aðallega sýknu og að allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð, til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa, og hún verði í formi hegningarauka og að gæsluvarðhaldstími hans frá 16. nóvember 1995 til 22. desember 1995 komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Þess er krafist, að bótakröfunni verði vísað frá dómi.  
Krafist er málsvarnarlauna að mati réttarins.

### *Um ákærulið 1.*

Aðfaranótt sunnudagsins 12. nóvember 1995 var brotist inn í myndbandaleiguna Heimamynd, Langholtsvegi 111. Kvaðst starfsmaður hafa farið úr myndbandaleigunni klukkan 0.05 og þá læst öllu og sett þjófavarnarkerfi á. Ekki er ljóst, hvort það starfaði. Virtist hafa verið farið inn í myndbandaleiguna um bakdyr á vesturgafli hússins. Voru dyr þessar lokaðar með tveimur slagbröndum innan á. Hafði verið borað stykki úr trévegg við hliðina á dyrunum og slagbrandarnir væntanlega fjarlægðir í gegnum gatið. Stóðu bakdyrnar í hálfu gátt, þegar að var komið.

Starfsmaður, er tilkynnti innbrotið til lögreglu, sagði, að stolið hefði verið 2.500 kr. í skiptimynt, einhverju af tóbaki, einhverju af gosi og happaprennustandi. Síðar sama dag tjáði eigandi myndbandaleigunnar, Magnús Gunnarsson, rannsóknarlögreglunni, að verðmæti hins stolna væri um 200.000 kr.; horfið hefði tóbak, happaprennur, bingó-lottó og skiptimynt. Samkvæmt ódagsettum lista hefur nánar verið um að ræða 74 kerton af sígarettum, 11 pakka af vindlum, eitt búnt af bingólottó-miðum, happaprennur, „u. þ. b. 2 × af 100 og 50 kr. happaprennu“, box með 1000 krónum í peningum af sölu á bingólottó og 2.500 krónur í skiptimynt.

Daginn eftir, mánudaginn 13. nóvember 1995, kl. 11.20 var ákærði handtekinn í afgreiðslu Hapdrættis Háskóla Íslands í Tjarnargötu 2, þar sem hann var að leysa út vinninga, sem fallið höfðu á fjórar happaprennur, tvær með 200 króna vinningi og tvær með 500 króna vinningi. Reyndust happaprennur þessar vera úr sömu númeraröð og var í búntum þeim, sem stolið hafði verið í innbrotinu í Heimamynd nóttina áður. Að sögn starfsmanna hapdrættisins voru þetta allar vinningsþrennurnar úr tveimur búntum.

Ákærði kvaðst við handtökuna hafa keypt fjórar happaprennur og eina kókdós í söluturninum Heimamynd laugardagskvöldið 11. nóvember.

Sama dag og ákærði var handtekinn var hann yfirheyrður af Rannsóknarlögreglu ríkisins. Neitaði hann að hafa brotist inn í Heimamynd og kvaðst ekkert um það vita. Kvaðst hann hafa verið að slæpast um á hjóli á laugardagskvöldið og keypt átta happaprennur „í sjoppu á Langholtsvegi um kl. 22.00–23.00 á laugardagskvöldið sl.“, og hafi verið vinningar á fjórar þeirra.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 16. nóvember 1995 til 3. janúar 1996 vegna grunar um aðild að þeim atburðum, sem ákært er fyrir í máli þessu, auk þriðja máls. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar og þar staðfestur.

Hinn 8. desember 1995 er ákærði yfirheyrður aftur af rannsóknarlög-reglu. Kvaðst hann þá vilja breyta fyrri framburði sínum. Kvaðst hann nú ekki hafa keypt happaþrennurnar í söluturninum, þar sem hann hafi verið í miðbæ Reykjavíkur alla þessa nótt. Á mánudagsmorguninn hafi hann verið á þvælingi og komið við hjá Páli Konráðssyni að Hverfisgötu 32 b, sem hafi látið sig fá þessar fjórar happaþrennur og beðið sig að innleysa þær fyrir sig.

Er ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómnum, kvað hann framburð sinn frá 8. desember 1995 vera réttan um þetta atriði og neitaði allri sök.

Vitnið Gunnlaugur Þór Kristfinnsson lögreglumaður, sem stóð að handtöku ákærða, mundi lítið eftir atburðinum.

Vitnið Páll Konráðsson var leiddur fyrir dóminn, og neitaði hann því að vita neitt um þessar happaþrennur og því jafnframt að hafa látið ákærða fá þær.

Annar eigenda söluturnsins og myndbandaleigunnar Heimamyndar, Magnús Geir Gunnarsson, kom fyrir dóminn sem vitni. Gat hann ekki upplýst nákvæmlega, hversu miklu hefði verið stolið af happaþrennum. Taldi hann, að búið hefði verið að selja eitthvað úr öðru af tveimur búntum af 50 króna þrennum, og fullyrti, að þrennurnar væru seldar úr búntunum eftir röð, en fólk fengi ekki að velja úr þeim. Kvaðst hann ekki sjálfur vera við afgreiðslu. Hann gat ekki upplýst með neinni nákvæmni um magn þess tóbaks, sem stolið var, en taldi, að allt hefði verið tekið, bæði lager og úr hillum. Hann kvaðst hafa fengið greiddar bætur frá tryggingafélaginu, en gat ekki upplýst, hversu mikið. Kvað hann ekkert annað hafa fundist af því, sem talið er, að tekið hafi verið úr myndbandaleigunni í þessu innbroti.

Upplýst er í málinu með fram lögðum reikningi, að 10. nóvember 1995 seldi Happraetti Háskóla Íslands Heimasnakki, Langholtsvegi 111, happaþrennur, 2 pk. nr. 270313-270314 á 10.000 krónur að frádregnum sölulaunum. Happaþrennur þær fjórar, sem ákærði hafði framvísað, er hann var handtekinn, eru úr þessum flokkum, tvær úr hvorum, og eru það allar smá-vinningsþrennur úr þessum flokkum. Ekki liggja fyrir glöggar upplýsingar um það, hversu mörgum happaþrennum var stolið, en eitthvað hafði verið selt, áður en innbrotið var framið. Þá hefur ekki verið upplýst, hvernig eða hvort þær verði innbyrðis aðgreindar, né komið fram sönnun fyrir því, að óhugsandi sé, að þessar fjórar happaþrennur hafi verið seldar fyrir innbrotið, einhver eða allar. Þótt ákærði hafi orðið tvísaga um handhöfn sína á happaþrennum þeim, sem ákærvaldið reisir málsókn sína á, þykja ekki fram komnar óyggjandi sannanir fyrir því, að þeim happaþrennum, sem hann framvísaði, hafi verið stolið. Hann hefur staðfastlega neitað sök. Ekk-

ert annað hefur komið fram í máli þessu, er tengi ákærða við innbrot í myndbandaleiguna Heimamynd, Langholtsvegi 111 í Reykjavík, aðfaranótt 12. nóvember 1995, og skal hann því vera sýkn af þessu ákæruatriði.

Bótakrafan er vanreifuð. Ekki er upplýst, hvert fjárhagslegt tjón var og hvernig það er sundurliðað. Ekki er upplýst um bótagreiðslu tryggingafélagsins til handa tjónþola. Viðtaka er ekki staðfest á kvittun um bótagreiðslu, sem lögð hefur verið fram í ljósriti. Ákærði er sýknaður af því broti, er að baki bótakröfunni liggur. Af þessum ástæðum er bótakröfu þeirri, sem gerð er vegna 1. ákæruleiðar, vísað frá dómi.

### *Um ákæruleið 2.*

Miðvikudaginn 15. nóvember 1995 kl. 8.01 var lögregla kvödd að fyrirtækinu Sturlaugi Jónssyni & Co. ehf., Vesturgötu 16, vegna innbrots. Hafði verið farið inn um útidyr, sem eru í undirgangi, með því að snúa í sundur sívalalæsingu, og voru einnig skemmdir á hurð og umbúnaði. Á verslunar-svæði hafði verið rótað í lausum hlutum. Einnig hafði verið farið niður á lager, en þaðan virtist engu hafa verið stolið. Á annarri hæð hafði verið farið inn á skrifstofu fyrirtækisins og rótað í skúffum og öðrum hirslum, átt við peningaskáp og tölvu. Farið var inn í verslun og skrifstofu með sömu aðferð og notuð hafði verið við útidyr. Stolið hafði verið þeim hlutum, sem taldir eru upp í ákæru. Verðmæti þýfisins er talið vera um 436.980 krónur. Sívalar þeir, sem snúnir höfðu verið úr læsingum, fundust ekki á brotastað, en þar fannst skófarshluti á reikningseyðublaði, og var það tekið til rannsóknar í tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Klukkan 17.55 sama dag var gerð hútleit í herbergi ákærða á heimili hans að Bárugötu 22 sem og í útigeymslu og í óinnréttuðum kjallara hússins. Í kjallaranum fannst skipslíkan úr tré, og voru 225 kr. í smápeningum í líkaninu. Í útigeymslu fundust þrjár pakkar af hleðslurafhlöðum, teg. ACCU, fjórar rafhlöður í pakka, hleðslutæki, teg. SAFT, og tvö stk. stafaskapalón. Klukkan 18.22 var ákærði handtekinn á heimili sínu vegna grunar um, að hann hefði átt aðild að innbrotinu að Vesturgötu 16, og var hann færður á starfsstöð Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar var lagt hald á skó þá, sem ákærði var í. Forstjóri og starfsmaður fyrirtækisins Sturlaugs Jónssonar & Co. ehf. voru kallaðir til rannsóknarlögreglu kl. 19.40, og báru þeir kennsl á framangreinda hluti og töldu, að þeim hefði verið stolið í innbrotinu þá um nóttina.

Ákærði var yfirheyrður kl. 20.14, og kvaðst hann vera saklaus af þessum innbrotsþjófnaði og enga vitneskju hafa um þetta mál. Var honum skýrt frá þeim munum, er fundist hefðu að Bárugötu 22, og að bráðabirgðarannsókn

benti til þess, að skófar, sem fundist hefði í fyrirtækinu, væri eftir skó hans. Neitaði hann enn aðild að málinu og kvað aðra hafa getað komið mununum fyrir í húsnæðinu, sem væri opið og margir vissu um.

Hinn 8. desember 1995 gaf ákærði aftur skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, en þá var hann gæsluvarðhaldsfangi að Síðumúla 28, Reykjavík. Kvaðst hann þá enn saklaus af því að hafa brotist inn í fyrirtækið; hins vegar hefði Páll Konráðsson og einhver kunningi Páls komið heim til sín um kl. 6.30 að morgni 15. nóvember, og hefði strákurinn, kunningi Páls, gaukað því að sér, að aðalinngangur í fyrirtækið Sturlaug Jónsson væri opin. Kvaðst ákærði hafa orðið forvitinn, eftir að þeir fóru, og farið í fyrirtækið til þess að skoða sig um. Hafi hann komið þangað rétt rúmlega 6.30 og verið þar í um fimm mínútur. Kvaðst hann ekkert hafa tekið. Fullyrti hann enn, að hann hefði enga vitneskju um þá hluti, sem fundust að Bárugötu 22, en kjallarinn og útigeymslan séu hurðarlaus og opin. Væri hugsanlegt, að Páll Konráðsson og kunningi hans hefðu komið hlutunum þar fyrir. Var honum þá kynnt sú niðurstaða rannsóknar tæknideildar um skó hans og skófar, sem fundist hafði á vettvangi, að skór hans skildu eftir sig för sömu gerðar og skófar, sem fannst á vettvangi. Kvaðst ákærði ekki rengja þá niðurstöðu, „þar sem ég var í þessum skóm, þegar ég fór inn í fyrirtækið, en ég stal ekki neinu þarna inni, eins og ég hef sagt frá“.

Ákærði breytti aftur framburði sínum, er hann kom fyrir dóminn, og kvaðst ekki hafa komið á brotavettvang og lýsti sig saklausan af þessu innbroti. Kvaðst hann ekki hafa getað skilið eftir skófar á brotavettvangi. Kvaðst hann hafa breytt framburði sínum 8. desember 1995 til þess að losna úr einangrun, en sér hefði verið hótáð, að ella slyppi hann ekki úr einangrun fyrir en 3. janúar, og ef til vill yrði hún framlengd. Kvað hann skýrsluna frá 15. nóvember vera rétta um þetta ákæruatriði. Hann kvað það hins vegar vera rétt í skýrslunni frá 8. desember, að Páll Konráðsson hefði komið ásamt öðrum manni að morgni 15. nóvember og vakið sig, og hefðu þeir spjallað dálitla stund. Ekkert hefðu gestirnir minnst á fyrirtækið Sturlaug Jónsson & Co. Kvað hann frásögn sína um það í skýrslunni 8. desember hafa verið tilbúning, til þess gerðan að losna úr einangrun. Kvaðst hann hafa farið að taka dollur úti í bílskúr, er þeir voru farnir, og síðan skroppið í smá-hjólreiðatúr.

Dómurinn skoðaði skó, sem vitnið Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður kom með í réttinn, og eru það skór, sem ákærði var í við handtöku. Um er að ræða skó af tegundinni Dr. Martens með grófmynstruðum sóla, stærð nr. 11, með stáltá og svonefndum Aircushion-sóla, framleidda í Bretlandi. Útskýrði vitnið rannsókn þá, er gerð hafði verið á samanburði af

skófari eftir þessa skó, og hluta skófars, sem fannst við rannsókn á brotastað á reikningseyðublaði reiknings Sturlaugs Jónssonar & Co. ehf., nr. 9463, vegna reiknings nr. 29217, dags. 14. 11. 1995. Benti vitnið á sex sérkenni vegna slits eða skemmda, sem einkenna bæði far eftir skó ákærða og skófarshluta þann, sem fannst. Taldi vitnið engan vafa á því, að um sömu skó væri að ræða.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa átt þátt í innbroti í fyrirtækið Sturlaug Jónsson & Co. ehf., en framburður hans um það, hvort hann hafi komið á brotastað að morgni 15. nóvember 1995, hefur verið óstöðugur. Þrátt fyrir neitun ákærða, er hann kom fyrir dóminn, þykir með framangreindri rannsókn sannað, að skófar eftir skó hans hafi fundist á brotastað, og telst því sannað, að ákærði hafi verið á brotastað þá nótt, er innbrot var framið. Nokkuð af þýfinu fannst í húsnæði á heimili ákærða sama dag og innbrotið var framið. Jafnvel þótt um opnar vistarverur hafi verið að ræða, verður að fallast á það með ákærvaldinu, að þýfi þetta og það, að sannað þykir, að ákærði var á brotastað, leiði til þess, að lögfull sönnun sé fram komin um sekt hans, að því er varðar innbrot í fyrirtæki Sturlaugs Jónssonar & Co. ehf. að Vesturgötu 16 aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1995, og það hafi verið framið í þjófnadarskyni. Er brot þetta rétt fært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði, Jónas James Norris, hefur frá árinu 1978 hlotið samtals 20 dóma fyrir skjalafals, þjófnæði, eignaspjöll og nytjastuld. Síðast hlaut ákærði dóm í héraði 3. júlí 1995, sem var staðfestur í Hæstarétti 20. desember sama ár. Var það fyrir brot gegn 244. gr. og 244. gr. (?), sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur í 14 skipti fengið dóm vegna brota á 244. gr.

Ákærði hefur til vara krafist þess, að sér verði dæmd refsing í formi hegningarauka, þar sem innbrot það, sem hann hefur hér verið fundinn sekur um, var framið 15. nóvember, en hæstaréttardómur féll í öðru máli á hendur honum 20. desember. Í því máli var til endurskoðunar dómur héraðsdóms, upp kveðinn 3. júlí 1995. Brotið er framið eftir þann tíma og hefði því ekki komið til meðferðar í greindu hæstaréttarmáli. Er ekki fallist á, að 78. gr. almennra hegningarlaga eigi hér við.

Þegar allt það er virt, sem hér að framan er rakið, og sérstaklega er litið til brotaferils ákærða og þess, að hann sýnir ekki vilja til að hætta afbrotum, þykir refsing hans í þessu tilviki hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði að frádregnum gæsluvarðhaldstíma frá 16. nóvember 1995 til 22. desember 1995, 36 dögum.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 70.000 kr.

Uppsaga dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómara.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas James Norris, sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald í 36 daga.

Kröfu Vátryggingafélagsins Skandia hf. er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 70.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 kr.

---